

Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 6. september 2023

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Efni: Umsögn um vinnu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu, mál nr 119/2023.

Bændasamtök Íslands taka undir umsögn Rangárþings ytra og undirstrika hér mikilvægi þess að ávinningur skattlagningarinnar skili sér til nærsamfélagsins.

Í landbúnaðarstefnu stjórnvalda til ársins 2040 segir til að mynda annars vegar: „*Framleiðsla verði arðbær og samkeppnishæf og tryggi byggðafestu og uppbyggingu þekkingar í samfélagi.*“ og hins vegar: „*Framfarir í landbúnaði ráðist af nýrri tækni á grundvelli nýsköpunar og hagnýtra rannsókna.*“ Aðgengi að orku í heimabyggð skiptir þar miklu máli til að ýta undir bæði uppbyggingu og nýsköpun í hinum dreifðari byggðum.

Vilja samtökin því áréttta hversu mikilvægt það er að sveitarfélögin sjái sér hag í því að taka þátt í orkuvinnsluverkefnum, þannig að bæði sé komið á sanngjarnan hátt til móts við nærumhverfi vinnslunnar auk þess að ýta undir aðra uppbyggingu samhliða.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur